



Ársskýrsla
æskulýðs-
nefndar

2012



Inngangur

Æskulýðsnefnd Harðar starfar eftir stefnuýfirlýsingu ÍSÍ um barna- og unglingaíþróttir. Hörður er fyrirmyndar-félag innan ÍSÍ þar sem mikill metnaður er lagður í starf fyrir unga sem aldna.

Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá í félaginu svo allir geti fundið námskeið og fræðslu við sitt hæfi. Æskulýðsnefnd sinnir öllum þeim börnum sem eru í hestamennskunni sem áhugamáli, einnig þeim börnum sem leggja mikið upp úr keppni og þjálfun keppnishesta og síðast en ekki síst höfum við reynt að halda utan um jaðarhópa eins og ungt fólk sem ríðið lítið út en er mikið í hesthúsinu með foreldrum sínum.

Dagskrá vetrarins var mjög fjölbreytt og skemmtileg og því auðvelt fyrir alla þá sem vildu taka þátt í námskeiðum hjá okkur eða öðrum uppákomum að finna eitthvað við sitt hæfi.

Í hestamennskunni er það oft þannig að börn fylgja foreldrum sínum en ekki endilega vegna eigin áhuga til að byrja með og því teljum við mikilvægt að hafa uppákomur þar sem hestar koma ekki við sögu til að kynna fyrir börnunum hve skemmtilegur og margbreytilegur hópur er innan félagsins okkar. Um 80 börn tóku þátt í námskeiðum á vegum Æskulýðsnefndar en ætla má að mun fleiri börn innan Harðar hafi tekið þátt í öðru starfi sem Æskulýðsnefnd bauð upp á þetta ár.

Sjö kennarar kenndu í vetur á vegum Æskulýðsnefndar og voru þeir allir menntaðir reiðkennarar utan eins sem er gæðingadómari.

Æskulýðsnefnd Harðar 2011-2012

Arnar Aspar Jónsson

Margrét Sveinbjörnsdóttir

Páll Þórhallsson

Ragnhildur Traustadóttir gjaldkeri

Ragnhildur Ösp Sigurðardóttir formaður

Vilhjálmur Þorgeirsson/Soffía Reynisdóttir

Kennarar Æskulýðsnefndar 2011-2012

Oddrún Ýr Sigurðardóttir reiðkennari og landsdómari í gæðingadómum og íþróttadómari.

Line Nørgaard reiðkennari og íþróttadómari.

Ragnheiður Þorvaldsdóttir reiðkennari.

Reynir Örn Pálmason reiðkennari og íþróttadómari.

Sigrún Sigurðardóttir reiðkennari og landsdómari í gæðingadómum.

Sigurður Straumfjörð gæðingadómari og íþróttadómari.

Súsanna Sand Ólafsdóttir reiðkennari, gæðinga- og íþróttadómari.

Fyrirlestur

Æskulýðsnefnd í samráði við fræðslunefnd Harðar bauð upp á fyrirlestur um fóður og hirðingu hesta með Ingimari Sveinssyni. Var öllum börnum í Herði boðið á þennan fyrirlestur og var hann hinn mesti fróðleikur og skemmtun þar sem fyrirlesari höfðaði vel til barnanna, unglinganna og ungmennanna og ítrekaði við þau mikilvægi réttrar þjálfunar, umhirðu og fóðrunar hestsins. Ingimar bauð okkur svo að hafa annan fyrirlestur um sögu íslenska hestsins sem nefndinni þykir tilvalið að nýta á nýju ári.

Upplýsingagjöf

Í vetur notaðist nefndin mikið við Facebook. Búin var til síða bæði fyrir keppniskrakka og landsmótshópin. Auglýsingar voru settar á heimasíðu Harðar, á Facebook-síðu Harðar og á Facebook-síðuna Harðarkonur. Allt var þetta gert til að sem flestir gætu fengið að heyra hvað væri á döfinni og hvetja sem flesta til að taka þátt í því starfi sem Æskulýðsnefndin býður upp á. Einnig setti Æskulýðsnefnd inn niðurstöður helstu móta og árangur krakkanna inn á Facebook-síðurnar, var þetta gert til að efla félagsandann og gera félagsmenn Harðar meðvitaðri um það mikla starf sem fram fer innan félagsins og hvað við eigum frábæra og efnilega krakka innan okkar raða.

Yfirkennari

Gengið var frá ráðningu yfirkennara á haustdögum. Oddrún Ýr Sigurðardóttir tók starfið að sér til eins árs með möguleika á framlengingu.

Ráðning Oddrúnar var mikið framfaraspor í fagmennsku og eftirfylgni með námskeiðum. Sá hún um að útbúa námskeiðslýsingu og umsjón með kennurum, börn og foreldrar höfðu greiðan aðgang að yfirkennara til að fá ráð og eiga umræður um kennslu og fyrirkomulag. Einnig sat Oddrún Ýr alla fundi Æskulýðsnefndar og veitti ráðgjöf og faglega innsýn til stuðnings við hugmyndir nefndarmanna. Kunnum við henni bestu þakkir fyrir frábært starf í vetur.

Foreldrafundur

Í ársbyrjun var boðað til foreldrafundar þar sem börn og foreldrar mættu og farið var yfir þau námskeið sem yrðu í boði yfir veturinn. Óskað var eftir tillögum um hvað þeim langaði að gera og hvað væri gott hjá okkur og hvað mætti betur fara. Kennarar mættu og svöruðu spurningum fundargesta. Mæting var góð og fundurinn upplýsandi.

Síðar á tímabilinu var haldinn annar foreldrafundur til að fara yfir stöðu mála. Þá var hafður sá háttur á að fá utanaðkomandi fundarstjóra til að tryggja að hrein-skipt skoðanaskipti kæmu fram. Lagt var mikið upp úr því að leysa úr ef upp kom ágreiningur eða álitamál, á uppbyggjandi hátt og leitast eftir að sem flestir færu sáttir frá borði. Hestaþróttin er stór keppnisgrein þar sem margar mismunandi skoðanir eru á hlutunum.



Námskeiðs- og keppnisgjöld

Ákveðið var að fyrsta námskeiðið sem krakkarnir sæktu hjá okkur borguðu þau að fullu en frístundaávisun var tekin upp í greiðslu. Eftir fyrsta námskeið fengu þau síðan 20% afslátt af öllum námskeiðum á vegum Æskulýðsnefndarinnar. Einnig var veittur 20% systkinaafsláttur. Öll námskeið voru niðurgreidd frá kostnaðarverði af Æskulýðsnefnd.

Ein skráning er greidd fyrir hvert barn á úrtökumóti fyrir landsmóti, með því erum við að reyna að koma til móts við keppniskrakkana vegna þess kostnaðar sem bera þarf í hestamennskunni.

Boðið var upp á mörg námskeið á vegum Æskulýðsnefndar í vetur. Þar á meðal:



- Pollanámskeið 1/teymdir 4-5 ára
- Pollanámskeið 2/ekki teymdir/framhald 5-7 ára.
- Almennt reiðnámskeið /8-10 ára,
- Almennt reiðnámskeið /10-14 ára.
- Keppnisnámskeið fyrri og seinni hluti.

Ásamt stökum stuttum námskeiðum sem boðið var fyrir stórmótin eins og t.d., Gæðingamót (úrtaka), landsmót, Íslandsmót barn, unglinga og ungmenna.

Pollaflakkar eru tveir, teymdir pollar og ríðandi pollar. Krakkar sem þar taka þátt fá öll viðurkenningu eins og ákvæði er um hjá ÍSí. Sætaröðun er hinsvegar í öðrum flokkum hjá Æskulýðsnefndinni.

Smalamót

Æskulýðsnefndin tók að sér í vetur að hafa Smalamót Harðar en það var opið mót. Góð þátttaka var á mótinu og var hin mesta skemmtun og mikil keppni.

Æfingamót

Haldin voru tvo æfingarmót á vegum Æskulýðsnefndar og Mótanefndar, krökkunum að kostnaðarlausu. Fengnir voru 3-4 dómara til að dæma og gefa skriflega umsögn krökkunum til leiðbeiningar á þessum mótum. Þau virtust læra mikið af því að fá dóm án þess að vera í „alvöru“ keppni. Þessi aðferð er leiðbeinandi og gott veganesti þegar í alvöru keppni er komið. Krökkunum var heimilt að koma með eins marga hesta og þau vildu fá dóma á.

Keppniskrakkar

Þessi hópur barna, unglinga og ungmenna fer ört vaxandi innan Harðar. Í vetur stunduðu um 30 börn, unglingar og ungmennti æfingar á keppnisnámskeiðum sem boðið var uppá.

Námskeiðunum var skipti niður í nokkur námskeið yfir veturinn svo hver og enn gæti fundið eitthvað við sitt hæfi, en voru samt sjálfstætt framhald hvert af öðru. Í upphafi vetrar var námskeið þar sem krökkunum var kennt hvernig best væri að undirbúa hestinn fyrir nýtt keppnistímabil, hirða hann og hverju gæta þarf að áður en þjálfun hans hefst. Einnig var unnið með ásetuæfingar sem stuðluðu að jafnvægi og samspili hests og knapa. Kennnt var í 2-3 manna hópum, kennslan var einstaklingsmiðuð.

Í framhaldi af því var almennt keppnisnámskeið þar sem farið var yfir helstu þætti ólíkra keppnis- og íþróttamóta eða gæðingakeppni.

Á vordögum var svo boðið upp á öflugt námskeið fyrir þá sem hugðust stefna á úrtöku fyrir landsmót og eftir úrtökur var haldið áfram að þjálfra þau börn sem óskuðu eftir leiðsögn reiðkennara og gæðingadómara.

Æfingar fóru einnig fram á keppnisvælinum og var þá hafður sá háttur á að einn var inn á í einu og fékk leiðsögn frá kennurum, ávallt voru tveir kennarar á þessum æfingum þar sem betur sjá augu en auga.

Bingó

Hið árlega bingókvöld var haldið, þar sem öllum Harðarfélögum ungum sem öldnum var boðið. Fyrirtæki í Mosfellsbæ studdu okkur dyggilega ásamt hestaverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Einnig var boðið upp á pylsur og ljúffenga súkkulaðiköku í eftirmat sem ein móðirin mætti með. Það mættu um 60 manns sem áttu saman skemmtilegt kvöld.

Sveitafitness

Ákveðið var fyrir tveimur árum að breyta páskaþáttum yfir í sveitafitness. Ástæðan var sú að ekki höfðu veðurguðirnir alltaf verið okkur hliðhollir og einnig að þá geta fleiri verið með. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og hefur verið ákveðið að halda þessu áfram. Ýmsar þrautir þurfti að leysa og voru allir hvattir til að mæta, ungir sem aldnir, og hafa það gaman saman. Meðal þrauta var poka-hlaup, skeifukast, hjólbörurallý, kókosboluát, stígvélaspark, dekkjarúll og margt



margt fleira. Þrautirnar voru þannig skipulagðar að ungir sem aldnir gætu tekið þátt og hefðu gaman af. Það tókst og mættu um 70 manns. Hópnum var skipt í lið og keppt var innbyrðis og fengu svo allir páskaegg að launum í lok dags.

Hestadagar

Eins í fyrra tókum við þátt í hestadögum. Krakkarirnir hönnuðu sitt atriði sjálf undir leiðsögn Halldóru Ingvarsdóttur. Sýndu þau meðal annars hindrunarstökk, spænska sporið og slaufuatriði sem tókst með miklum ágætum. Einnig tóku 2 krakkar frá Herði þátt í opnunaratriði sýningarinnar og tveir afrekskrakkar frá Herði tóku þátt í atriði sem hannað var af Sigrúnu Sigurðardóttur reiðkennara.

Fjölskyldureiðtúrinn góði

Mikil stemmning hefur náðst í Herði fyrir okkar árlega fjölskyldureiðtúr sem farinn var í blíðskaparveðri upp að Hraðastöðum þar sem við gæddum okkur á léttum veitingum og hópurinn átti góðan dag saman, með hvort öðru og dýrunum stórum sem smáum sem búa á Hraðastöðum. Það sem gaman er með þessa ferð er að margir koma á bílum með börn sín sem ekki hafa hesta eða eru ekki fær um að ríða svona langt.

Skemmtikvöld

Ákveðið var að hafa skemmti- og hvatningarkvöld fyrir keppendur landsmóts og foreldra þar sem brugðið var á leik, borðað saman og hlegið óendanlega mikið. Miðað var við að þeir leikir sem unnið var með væru samvinnuverkefni og þau þyrftu á hvort öðru að halda svo verkefnið gengi upp. Þetta var frábært kvöld þar sem börn, unglingar og ungmenni ásamt foreldrum tóku virkan þátt. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag kvöldsins og fékk nefndin mikið hól fyrir framtakið frá foreldrum og krökkunum sjálfum.

Fræðsluferð um Suðurland

Skipulögð var ferð um Suðurland þar sem heim-sækja átti nokkra bæi. Því miður náðist ekki næg þátttaka í þessa ferð svo við urðum að fella hana niður. Leiða má líkum að því að ferðin hafi verið dagsett full seint þar sem próf voru að fara að byrja eða byrjuð í sumum skólum. Mikilvægt að hafa það í huga fyrir næsta ár.

Landsmót hestamanna í Reykjavík

Mikil stemmning var meðal okkar hóps fyrir Landsmóti hestamanna. Hörður hefur sæti fyrir sjö knapa í hverjum flokki ásamt varaknapa. Fyllt var í hvert sæti og komust færri að en vildu. Góður andi ríkti á meðal keppenda og þótti okkur vænt um að sjá hvað þau eldri voru styrkjandi



Hestamannafélagið Hörður átti glæsilegan hóp verðlaunahafa á uppskeruhátíð íþrótt- og tómstundasviðs Mosfellsbæjar þar sem fjórir hestamenn voru tilnefndir til verðlauna við val á íþróttamanni ársins í Mosfellsbæ 2011. Í okkar hópi voru þau Anton Hugi Kjartansson og Harpa Sigríður Bjarnadóttir sem héldu uppi heiðri æskulýðsins, ásamt þeim Halldóru Huld Ingvarsdóttur og Reyni Erni Pálmasynti sem bæði eru í fullorðinsflokki.



Harpa Sigríður Bjarnadóttir varð íslandsmeistari í fjórangangi barna árið 2011. Hún var heiðruð á uppskeruhátíð íþrótt- og tómstundasviðs Mosfellsbæjar og hér með Haraldi Sverrissyni, bæjarstjóra Mosfellbæjar, og Hafsteini Pálssyni bæjarfulltrúa.

og hvetjandi fyrri þau yngri og keppendur fylgdust vel með hvort örðu.

Allir krakkarnir fengu peysur sér að kostnaðarlausu fyrir landsmótið og Hestamannafélagið Hörður greiddi skráningargjöld fyrir alla keppendur Landsmóts.

Súsanna Sand Ólafsdóttir og Sigurður Straumfjörð fylgdu krökkunum á landsmót og þjálfuðu þá sem áhuga höfðu, krökkunum að kostnaðarlausu. Farið var með hópinn fjórum sinnum niður í Víðidal til æfinga fyrir mótið til að kynnst aðstæðunum sem biðu knapa og hesti. Enn fremur voru þau Súsanna og Sigurður þeim stoð og stytta í upphitun og áður en farið var inn á völinn. Það var mikill styrkur að hafa þessa frábæru kennara á kantinum allan tímann, hvort sem var í forkeppni, milliriðli eða úrslitum.

Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna

Að þessu sinni var mótið haldið að Gaddastaðflötum. Boðið var upp á námskeið fyrir mótið. Einnig var kennari sem fylgdi þeim krökkum sem vildu á mótinu. Mikill stuðningur er fyrir krakkana að hafa kennara sem fylgir þeim og gefur þeim hvatningu áður en farið er inn á völinn. Þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel. Árangur Harðarkrakkanna var með miklum ágætum og vorum við með hóp krakka í úrslitum og einnig hampaði stúlka í unglingaflokki Íslandsmeistaratitli í fimi.

Reiðtúrar

Eftir hvatningu frá Æskulýðsnefnd og forldrum ákváðu krakkarnir að hafa reiðtúra sem þau færu saman og skipulögðu sjálf svo að þau kynntust og hefðu það gaman. Þetta mæltist vel fyrir og margir tóku þátt.

Youth Cup í Verden í Þýskalandi

Tvær stúlkur úr unglingaflokki Harðar fóru sem verðugir fulltrúar okkar á Youth Cup í Verden í Þýskalandi í júlí og stóðu sig með stakri þrýði. Þrýddu þar verðlaunasæti á mótinu.

Styrkur frá Mosfellsbæ til efnilegra ungmenna

Íþrótta- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar veitti á vordögum 13 ungmennum styrk til að stunda sína íþrótt/tómstund eða list yfir sumartímann. Ein stúlka í unglingaflokki Harðar hlaut styrkinn á vegum bæjarins.





Uppskeruhátíð

Í október verður boðið til uppskeruhátíðar á vegum Æskulýðsnefndar. Félagsmenn eru hvattir til að mæta og gleðjast með krökkunum og foreldrum þeirra.

Verðlaun verða veitt fyrir efnilegasta knapann, mestu framfarir ársins og besta knapann. Einnig verða veittar viðurkenningar fyrir knapamerkjanámskeið sem lokið hefur verið á liðnu tímabili. Á hátíðinni er jafnframt farið yfir helstu verkefni liðins tímabils og gestir njóta veitinga í boði félagsins.

Samantekt

Æskulýðsstarfið í Herði hefur verið í miklum blóma í vetur. Hópurinn er stór, og aldursbilið er breitt og að mörgu að hyggja. Mörg námskeið hafa verið í boði og verður væntanlega enn bætt við fjölbreytnina á nýju ári.

Nefndin hefur margt lært í vetur eins og undanfarin ár og alltaf kemur upp eitthvað nýtt og skemmtilegt sem nefndin þarf að vinna með og takast á við. Mat hefur verið gert á öllum þeim uppákomum sem nefndin hefur staðið fyrir svo að auðvelt á að vera fyrir okkur að bæta og breyta eftir því sem út hefur komið í matinu og gera betur en áður.

Virðingarfyllt
Æskulýðsnefnd Harðar

Mosfellsbær - 21. september 2012

Ragnhildur Ösp Sigurðardóttir, formaður
Ragnhildur Traustadóttir, gjaldkeri
Arnar Aspar Jónsson
Margrét Sveinbjörnsdóttir
Páll Þórhallsson
Soffía Reynisdóttir



Ljósmyndir: Bjarni Guðmundsson,
Ragnheiður Þórólfsdóttir og Kjartan Jónsson.
Forsíðumynd: Tinni frá Laugabóli - Ljósmynd: Bjarni Guðmundsson
Uppsetning: Ragnhildur Ósp Sigurðardóttir.

Mosfellsbær 2012